



Efnisyfirlit fyrir Pælingar ársins 2021 KRF.

Efnisyfirlit fyrir Pælingar ársins 2021

Bls:

1. Að horfa til baka - 28 febrúar 2021
2. Að trúa felst í máttur -31 maí 2021
3. Babelsturn og Málaerfiðleikar - 14 nóvember 2021
4. Frelsari heimsins - 1 janúar 2021
5. Gleðin af verkunum - 21 febrúar 2021.
6. Gríska þýðingin - 29 mars 2021
7. Guð talar - 19 apríl 2021
8. Kirkjan boðar trú - 14 júlí 2021
9. Netverslunin - 4 mars 2021
10. Sem kitlar eyrun - 18 júní 2021
11. Skaðræðið múta - 1 apríl 2021
12. Hversu mikilvægt er að trúa? - 4 september 2021



Að horfa til baka er sumum tamara en öðrum. Samt er það svo að allir láta þetta eftir sér. Sumir gera þetta vegna þess að söknuður býr í brjósti manneskju og aðrir af annarri ástæðu. Að líta til baka merkir ekki sama fyrir alla. En svolítið vill bera á slíkri hugsun finnst manni er orðin, að líta til baka, eru sögð og oft talað um þetta sem neikvætt tal fólks, sem vel getur verið en gildir fráleitt í öllum tilvikum. Fer auðvitað eftir þankanum og hvað búi að baki fólks sem leifir sér að líta um öxl. „Horfum fram á við“- segjum við. Sem merkir hvað? Er ekki framtíðin óráðin og dagurinn í dag þá þessi framtíð? Notum daginn því vel.

Sumir líta til baka til að rifja upp sögu sína. Allt á sér eiga sína eigin sögu sem fortíðin geymir. Hvað þaðan er dregið fram fer eftir einstaklingi sem horfir um öxl. Og útkoman er líklega jafn margvísleg og fólkið sem lítur um öxl. Einnig þar er ekki eitthvað eitt sem gildir. Lífsganga einstaklinga er flóknari. Eitt hendir enga manneskju heldur margt. Þó oft geti verið erfitt hjá manneskju eru í hverri manneskju samt kaflar þar sem bjartara var í kring og jafnvel lífsgleðin lék við hvern sinn fingur. Allir eiga sér slík andartök í sínu lífi en misjafnt hvað manneskjan er að varðveita er kemur að þessum þáttum. Og hún mann enn í dag, orðin sjötug, er hún, þá níu ára, lék sér á skólalóðinni og óknyttastrákur kom að og sparkaði í rassgatið á henni og hljóp hlæjandi burt. Viðbrögðin svo löngu síðar, maður minn, eru hin sömu við upprifjunina eina. Að gleyma er ekki inn í myndinni né er heldur haldið að fólki og það þvert á móti hvatt til að stíga, svokallað fram, og segja sögu sína. Blöð, tímarit og samfélagsmiðlar eru í dag fullir af umfjöllun um hágráta. „Þú veist ekki í hverju ég hef lent,“- segir þú, sem er rétt, né þú um það sem mig hefur hent. Er ekki bara jafnt á komið?

Auðvitað eigum við að tala og segja frá órétti og er vor réttur. En hví þá ekki að greina líka frá góðu sem í veg okkar rak? „Ég hef ekkert gott reynt“- heyrir stundum, af þá

líklega viðvarandi gremju. Hið rétta er að allir lifa bæði súrt og sætt en misjafnt hvað menn togi fram. Trúið þessu. En vegna þess að hið neikvæða sem við lifum verður fyrirferðarmikið hjá flestu okkar reynist flestum vera þrautin þyngri að tosa hið gleðilega fram og er af hinu hulið.

Góð hugleiðing er að athuga hvort of mikið af slíkum harmsögum muni ekki virka öfugt á lesendur, hlustendur og áhorfendur og fyrir vikið missa gildi? Sjálfur er ég fyrir margt löngu hættur að lesa þetta og áfram hvetja fólk til að fara hina leiðina. Að líta um öxl er ekki bara að toga upp úr eigin ruslatunnunni eintómt ónýtt drasl heldur líka gagnlegri hluti, sem þar eru.

Eins og við einnig nefndum á hver manneskja sinn eigin ljósbera inn í sitt líf af margvíslegum toga. Engin manneskja lifir einvörðungu svart, dökkt og dimmt né lítur aldrei glaðan dag allt sitt líf. Lifði enda engin slíkt ástand af. Maðurinn er þannig gerður að verða inn á milli að sjá til sólar og vera inn í einhverju sem vel má kalla yl og fara þangað sem afdrepið er.

Að leita til færra ráðgjafa er gott. Góður ráðgjafi leitast við að finna orsök en ekki sökudólg, eins og líklegt er að sá sem kom inn á stofu hans vildi helst gera. Engin fær lækningu gegnum slíkan eltingarleik. Enda byggð á hefnd sem er röng nálgun við svona verkefni og hluti af verki ráðgjafans að koma viðkomandi þaðan út til að fá grafið eftir ljósinu sem máski er þakið með mörgum lögum af gremju og beiskju, eins og allt tal viðkomandi bendir til. Ásakandi og bendandi fingur á ekki við, vilji menn komast á staðinn að upplifa sig lausa við hlekki. Bendandi fingur eru þessir hlekkir. Fáist menn til að lít af þessu og í gagnstæða átt fara að detta inn andartök jafn sönnum hinum þar sem gleðin lék á alls oddi. Og hvað er rangt við að fódra hjarta sitt slíkum minningum? Báðar eru partur lífs okkar en mitt að velja hvora ég vilji hafa með mér á minni lífsgöngu.

Að trúa felst í máttur. Kannski hljómar slík yfirlýsing ekki vel í allra eyrum. Að trúa engu og efast um allt og alltaf er af hreinni svartskýni og komin af máski röð vonbrigða sem þegn hefur gengið í gegnum í sínu lífi. Og nóg er til af slíku í lífi manneskja og ekki hafa þær heldur alltaf farið gætilega með eigið líf. Er það ekki annars rétt?

Marga hegðun manna má rekja beint til máttar ákvörðunarinnar og rangra beygja hér og hvar í þessum degi og eða hinum. Dagurinn skiptir öllu máli er upp er staðið. Mikilvæg hugsun að eiga.

Þó ungur að eigin álitu viti allt veit hinn eldri að sé alröng niðurstaða og að hin ungi þvert á móti þurfi að hlusta á sér eldra og reyndara fólk. Vandinn þarna er oft að hin eldri fæst illa og ekki til að tjá sig og gerir í einhverri uppgerðar hógværd sem ég að minnsta kosti fatta ekki af hverju stafi. Allt skynsamlegt fólk meðtekur reynslusögna og sér gagnsemina og jafnvel, ekki víst, breytir eftir henni fyrir sitt líf. Og hvað gerist? Jú, það lendir í sama. Sem var hvað? Gott eitt. Gott nefnilega býr á þessum vegi sem reynsla manneskju benti á og ungur meðtók og valdi er árin færðust yfir að fara og uppskar eigin gæfu. Bæði gott og vont er í boði en okkar að velja. En til að velja rétt þurfum við fræðslu reynslunnar sem hjálpar til og stytir okkur leið að markinu. Og komum við þá aftur að mikilvægum þætti trúar sem í eðli sínu heldur utan um okkar góðu áætlanir og birtir mynd af hamingju, í mynd velsældar, ímynd farsældar og í mynd alls hins sem við vildum og trúin færði okkur. Hvað um farsæla hjónabandið sem gaf fólki gott fjölskyldulíf og indæl og þrúð börn? Tölum líka um góða fjölskyldulífið sem gekk og gengur með okkur en ekki bara fjölskyldulífið sem splundruðust og allt fór upp í loft hjá. Og ekki vera með löngun uppi um að grýta fólk sem hefur vilja til að benda á þessa staðreynd. Bendum heldur að lífið sé eintómur vegir og að við veljum sjálf hvaða veg við förum, eftir að fullorðinsárum er náð.

Sumir hlusta á reynslu annarra manna og

velja þeirra gæfuleið og uppskera sjálfir sömu gæfuspor. Lærum af hvoru öðru og segjum reynslu okkar en gerum ekki sem skipun, boð og bönn né neitt svoleiðis til að hið góða komist fram fyrir hið illa og berist fólki til eyrna. Það gæti orðið fyrsta skref að mörgu góðu. Hver og einn gerir það sem hann vill en hefur nú heyrt og getur, sé vilji til staðar, vegið og metið efnið, hvort það henti. Einnig er staðreynd að engin tekur ákvörðun fyrir nokkra manneskju sem hefur aldur til. Oh, hvað við vildum það.

Við þurfum trú og að geta treyst einhverju sem annað fólk er að segja og muna að hið slæma sem reynslan vildi deila með okkur er annar vegur en gæfuegurinn sem við völdum að fara og að hann því miður sjái bara sumir en við, sum okkar, komum auga á og förum og uppskárurum ríkilega og ber að segja öðru fólki frá. Einnig er gott að muna að vegskömmin með ógæfunni á er annar vegur en gæfuegurinn. Allir vita að til að fara inn á veg til ákveðins staðar þarf til rétta beygju. Hvar þessi afleggjari er kemur reynsla manna til hjálpar og vísar leiðina að honum. Við þurfum trú og skilning á að leiðsögn annars fólks er hjálpleg. Þegi reynslan, gerist oft, er hún til lítills gagn og jafn lítills gagns og trú sem fær ekki að tala né hefur verk til að sýna nokkurri manneskju. Eftir að ég hef þegið upplýsingar reynslunnar fæ ég raunverulegt val sjálfur um að fara þennan og hinn veginn eða hafna. Viti ég hvað sé á honum gæti það verið mitt gæfuspor að fara hann ekki. Fari ég hann mættir mér versta hryggðarmynd. Og hver vill fyrirfram klúðra lífi sínu? Samt gera það margir.

Reynslan gerir bæði og bendir á veg til gæfu og annan til óheilla. Lífið er ekki tóm misnotkun á öðru fólki þó sagnir um slíkt fari hátt um þessar mundir. Allt eru þetta vegir sem margt eða fátt fólk er núna á. Einnig þurfum við trú til að átta okkur á að sumt fólk tali rétta kennslu með því sem það tjáir sig um. Reynsla fólks er ekki lygarinn. Vantrúin gæti verið það.

Þegar ég fór til Spánar í ágúst 1979 voru herbergisþernur sem komu til manns og þrifu og skiptu á rúmunum og annað sem herbergisþernur hótela gera. Var mér sagt að til síðs væri að gefa þessu fólki, liði, einsog ég sagði, þjóf fé sem ég eiginlega ekki samþykkti og taldi hreint betl og gaf því aldrei neitt þjóf fé með beinum hætti en skildi eftir smápeninga á undirskál inn í íbúð þeim blessuðum ætluðum sem þær snertu aldrei og var mér sagt að fólk þetta hreyfði ekki við neinu tengdum gestum inn á íbúðunum nema hafa til þess leyfi eigenda. Minnir að ég hafi reynt að koma konunum í skilning um þetta en reyndist útilokað verk. Málaerfiðleikar eru ekkert grín skal ég segja ykkur. Þeir eru eins og að tala við kalt grjótið. Í þessar þrjár vikur sem ferðin stóð var allt klink sem á diskinn var sett ósnert. Mér reyndar til nokkrar mæðu, mann ég.

Er lokadagurinn rann upp stóðu konugreyin í vegi fyrir mér er ég gekk með töskuna eftir svölunum og áleiðis út og reyndu að útskíra fyrir mér, þessum þversum og eða níska íslenska manni, hvernig þessi kaup færur fram, á sinni auðvitað Spænsku sem ég skildi ekki orð í og geri ekki enn. Fór svo að ég yfirgaf Spán án þess held ég að ég hafa greitt einni einustu manneskju þjóf fé í eitt einasta skipti.

Seinna, löngu seinna, var mér sagt að obbi launa þessa fólks lægju í þjóf fé gestanna. Var þá komið að einum að skammast sín. En bara smá. En hann lærði. Sumir læra

aldrei.

(b)

Þegar Babelsturninn var reistur sem Biblían greinir frá kemur og fram að menn þá hafi ofmetnast og viljað reisa turn sem næði allt upp til himins. Er Guð svo sá gjörðir manna varð hann ekki þar hrifin og gerði stólpagrín að viðleitni mannanna. Einkum þó hrokans og mikillætisins sem upp var komið og hann tók eftir.

Greip hann þá til sinna ráða og ruglaði mál mannanna að næsta dag sem þeir koma saman til að halda áfram með byggingu turnsins skildi engin maður á svæðinu hvor annan. Og verkið stoppaði af þeim sökum og var aldrei klárað og er í dag minnisvarði um hvert stærilætið leiði fólk Tungumálin sem þarna urðu til eru tungumál þau sem töluð eru í heimunum í dag.

Fullyrða má að engin einasta leið hafi verið fyrir neinn sem mætti daginn eftir að halda áfram verkinu með byggingu Babelsturnsins í ljósi þess að útilokað væri fyrir menn að gera sig skiljanlega við næsta mann. Og þetta hefur ekkert breyst.

Að reyna að útskíra eitthvað fyrir fólki sem skilur ekki mál hvors annað er gersamlega óvinnandi vegur. Og ekki reyna neitt slíkt. Trúið þessu.

Og í skjóli slíkra staðreynda má sjá ringulreiðina sem skapast hefur á vinnusvæði Babelsturnsins. Sagan um smíði Babelsturnsins er stórmerkileg fræðsla.

Markúsarguðspjall 6. 54-56. Um leið og þeir stigu úr bátum þekktu menn Jesú. Og fólk tók að streyma fram og aftur um allt það hérað og bera sjúklinga í burðarrekkjum hvert þangað sem það heyrði að hann væri. Og hvar sem Jesús kom í þorp, borgir eða bæi lögðu menn sjúka á torgin og báðu hann að þeir fengju rétt að snerta fald klæða hans og allir þeir sem snertu hann urðu heilir.“- Áhugaverð nálgun. Að sjá þekkti fólk Krist er bát hans bar að. Þekkti lækningarmáttinn sem gekk út af honum og fólk varð vitni að og engin annar hafði gert. Fólk hafði séð. Augu manna segja þeim satt. Og meira. Fengu nægju sína að borða er svo bar undir í návist hans.

En hvað sá fólk er Jesús og menn hans komu að landi á bát sínum? Sá það annað en smiðssoninn Jesús son Jósefs, eins og fólk taldi? Til smiðssonarins litu þeir og þekktu og einnig vissu að væri um borð í bátum sem um það bil var að renna á land. Hann í bátum var um leið maðurinn sem gerði allskonar kraftaverk frami fyrir augum þeirra sem á staðnum voru sem fólk engan veginn gat þrætt fyrir að væri neitt annað en mesta furðuverk.

Og meira! Hjá honum fengu þeir mat án þessa greiða eitt né neitt sjálft í formi peninga og bara þiggja ókeypis. „Aldeilis flott að þekkjast svona kall. Ókeypis matur og allt hvað eina“- gat einhver sem þar var hafa sagt og væri ósköp manlegt ef væri. Vissulega fannst fólkinu Jesús vera áhugaverð manneskja og líka merkileg. Samt er hann meira en bara áhugaverð persóna og eða góð manneskja heldur maðurinn sem Guð himnanna sendi sjálfur til jarðar vegna áætlunar um að bjarga mannkyni og draga undan syndabyrðinni sem lagt var á eftir val fyrstu tveggja manneskjanna um að eta af ávextinum sem Guð bannaði þeim að eta af. „Eftir átið“- kallar á aðra áætlun í ranni Guðs vors og á björgunaraðgerð af hendi skapara himins og jarðar sem birtist í manneskjunni Jesús

frá Nasaret sem þennan dag kom siglandi á bát og allt fólk horfði á og sagðist þekkjast. Vissulega gaf hann þeim að borða og hverjum og einum nægju sína með þessum einvörðungu fimm brauðum og tveim fiskum sem þeir höfðu sem með Kristi voru og segir okkur söguna um að allt sem fólk átt þarna út í óbyggðinni sé komið frá lærisveinunum og restin frá honum sem þeir trúðu á Jesús Kristi. Sagan segir að fólk hafi komið allslaust. Talan sem nefnd er samkvæmt Orði Guðs er fimm þúsundir karlmanna. Reikna má með að fjöldin hafi verið meiri og kannski nærri tíu þúsundum. Karlmenn einir á þessum tíma var fólk sem talið var. Ekki konur og börn.

Í raun og veru að þá þekkti fólk ekki Jesús sem manneskjuna sem bjargaði því úr greipum dauðans og frá Helju sem allt fólk sem fæðist stefnir til og allt fólk líka veit að eitt sinn skuli sérhver deyja. Það er þarna sem kemur til kasta Jesús og hlutverksins sem hann skyldi sinna á jörðinni og klára áður en hann yfirgæfi hana og stigi upp til himins. Samt var hann Jesús frá Nasaret sem lærði til smiðs og vann við smiðar. Hann var líka hitt og einkum hitt. Málið er að fólk í fjörunni kom ekki til að hitta Son Guðs. Ekki frelsara heimsins. Ekki manninn sem myndi deyja í þeirra stað og gæfi því trú sem það yrði hvatt til að ástunda og gæfi því beinan aðgang að ríki Guðs á himnum og fengi Orð sem hjálpaði því til að skilja hvers vegna það þyrfti á trú að halda. Fæstir sem stóðu á sandinum þekktu hann með þeim hætti. Þekktu bara smiðinn Jesús. Þið vitið. Son Jósefs. Hér liggur vandi sem við enn glímum við og eigum í erfileikum með að skilja. Við þekkjum ekki Jesús né vitum til hvers hann kom í heiminn. Drögumst að kraftaverkunum og matargjöfunum og Bónuskortunum og meira en lífinu í Kristi sem hann bíður. Jesús lifir og ég lifi í honum. Jesús er upprisinn. Amen.

Rosalega er mikilvægt fyrir fólk að halda áfram við það sem það er að gera og hefur sjálft gaman að. Líka þó að aldrei komi króna í vasann af því sem gert sé. Sumir geta ekki skilið fólk sem fúst er til að leggja mikið á sig en fá aldrei neinn arð að verkum sínum. Svona viðhorf er misskilningur því vissulega er arður að verkefnum þó veskið gildni ekki.

Rétt er það að arðurinn kom aldrei í formi einnar og annarrar peningaupphæðar heldur gleðinnar sem af hlaust. Vissulega er slíkt arður og ávinningur og um leið viðurkenning til mannsins sjálfs um eitthvað sem akkur sé í fyrir hann. Ekki gleyma að ekki mælum við allan arð bara út frá peningum, þó vissulega hafi þeir vægi og því miður meira vægi en holt sé. Svona samt er samfélagið sem við sjálf höfum höfum búið til. Er það ekki annars rétt? Réðum við engu um neitt af þessu? Við erum alltént neytendur og kaupum allskonar vöru?

Að fá greitt fyrir sum verk sem við búum til er sumum áhugavert. En þurfum við að koma öllu sem við gerum og erum stolt af yfir í peninga en verða svo fúl á eftir er engin kaupir neitt af okkur?

Kannski áfall en fráleitt fyrir allra í slíkri stöðu. Sumir taka öllu svona með stóiskri ró vegna þess að þetta fólk veit. Til að mynda það að hafa lagt sig allt fram og tók frá grunni alvarlega. Veit og vel að sumt fólk skilur ekki svona lagað, og þarf heldur ekki. Öllum peningum meira varð eftir. Verkefnið færði fólki gleði yfir að hafa farið úti þetta og það sjálft lokið prógramminu. Og nú erum við ekki fyrirfram að tala um prófgráðu. Prófin eru margskonar.

Að klára verk og skila góðu af sér eru verðmæti sem kannski engin peningalegur arður er af. Og hvað með það? Hitt er stærri eign og verðmeiri. Horfum svona á mál.

Ekki er svo að skilja að peningar megi ekki vera þarna með en eru samt ekki allt sem allt ætti skilyrðislaust snúast um en er oftast nær svolítið svoléiðis?

Mikilvægara fólkinu er að horfa til gleðinnar og ánægjunnar og að hafa skapað þetta og hitt sjálft. En jafnvel slíkri hugsun er reynt að ræna frá fólki. Vissulega er til staðar arður og laun sem skilað var til eigandans vegna þess að við verk var lokið. Aldrei samt kom inn fimmeyringur í budduna. Og hvað með það? Sumu fólki stendur á sama. Það horfir til annarra þátta og sér að eru hinum hvort eð er mikilvægara. Í ánægjunni liggja launin og er allur arður verkefnieins. Hafa menn nokkuð gleymt sannleikanum um að hjörtu fólks þurfi að vera glöð og að peningar veita ekki slíka gleði og komi hún þaðan verði hún skammvinn?

Sumir sjálfsagt kalla þetta tómstundargaman þó höfundar líti verkið ekki þeim augum heldur fyrir sig sem lífið sjálft. Brúðan Barbí rann út úr framleiðsluvélunum með sama svip og sama bros í milljóna vís. Vandinn er að fólk er ekki Barbie- dúkka. Það veit um heilindi sín í verkum. Fann sjálft til gleðinnar á hverri síðu, hverjum pensildrætti, hverju höggi styttunnar og úr tóninum frá hljóðfæri við að skálda laglinu sem engin annar hefur gert. Þetta fólk vissi alltaf hvar það stóð. Slíkt eru einnig laun. Vilji menn á eftir koma handverkinu yfir í peninga fer í gang annarskonar ferli. Sem má. Sumir fara þessa leið á meðan aðrir láta sér hitt nægja. Og fá laun. Bara af öðrum toga. Ekki ræna fólki öllu.

Rétt er það að sumt fólk skilji ekki svona. En sumt fólk er ekki neinn Stóri sannleikur. Lífið vill gefa okkur margt með sér sem ekki er beintengt við sölutölur og peningalegan arð. En akkúrat þessi hugsun hefur rænt mörgum gildum frá okkur tengdum allskonar einstaklingsbundnum gæðum. En kannski er þetta allt saman einungis einn stór misskilningur og við Barbie með einn svip á andlitinu og eina hugsun.

Gríska. Örugglega skemmtilegt mál og einnig fleiri en maður heldur sem færir eru í Grísku, Grískri málfræði, Grískri orðanotkun og eru sannfærðir um að Orð Guðs á Grísku séu öðrum Biblíum réttari og óhættara að fara eftir en mörgum öðrum þýðingum hennar. Búið er víst að þynna þýðingarnar svo að vera ekki lengur marktækar heimildir. Nema á Grísku. Hver trúir svona sem eitthvað þekkir til lifandi Guðs? Og hvað með mig sem skil ekki Grísku, ekki Ensku, ekki Dönsku, ekki Þýsku né Hebreskuna og bara íslensku? Fyrir slíkan mann er fátt orðið um skjól sé rétt að búið sé að afskræma svo íslensku þýðinguna að vera ekki tæk.

Er með öðrum orðum verið að reyna að segja manni að Guð vaki ekki lengur yfir Orði sínu? Og nú spyr Guð mig og þig sömu spurninga og Job:

„Jobsbók. 38. 1-7.

Þá svaraði Drottinn Job úr storminum og sagði:

2Hver er sá sem hylur ráðsályktunina myrkri

með innihaldslausum orðavaðli?

3Gyrtu lendar þínar eins og manni sæmir, nú ætla ég að spyrja þig en þú skalt svara.

4Hvar varstu þegar ég grundvallaði jörðina? Segðu það ef þú veist það og skilur.

5Hver ákvað umfang hennar, veist þú það, eða hver þandi mælivað yfir henni?

6Á hvað var sökklum hennar sökkt eða hver lagði hornstein hennar

7þegar morgunstjörnurnar sungu saman gleðisöng

og allir synir Guðs fögnuðu?“-

Hver er sá sem svo talar? Er hann ekki eilífur Guð sem sjálfur segist ekki sjá eftir neinu og lifa um aldir alda, hafi alltaf verið til og verði áfram? Gaf hann ekki niður

Orðið og vegvísir handa mannakyni? Í minni bók jú. Um hvað er fólk þá að tala sem segir að Orðið sé útþynnt gegnum rangar þýðingar aldanna? Hverslags eiginlega bull væri það? Og væri slíkt ekki ógerlegt af þeirra einu ástæðu að Guð er, eins og hann sagði við Móse. Það er að segja ef við trúum að eitthvað sé að marka Orðið skulum við kíkja hér á nokkur:

„2Mósebók. 3. 13-14. Móse sagði við Guð:

„Ef ég kem til Ísraelsmanna og segi við þá: Guð feðra ykkar hefur sent mig til ykkar, og þeir spyrja mig: Hvert er nafn hans? hverju á ég þá að svara þeim?“ Guð svaraði Móse:

„Ég er sá sem ég er. “ Og hann bætti við:

„Svo skaltu segja við Ísraelsmenn: „Ég er“ sendi mig til ykkar.“-

Ef við áliktum að þessi Orð séu rétt þýdd í Nýju íslensku Biblíuútgáfunni að hví þá ekki öll hin líka? Væri ekki ágætt að í það minnsta að reyna að svara þessu? Munum „Ég er“- sem þarna talar við Móse er líka í dag. Ekki lengur vera sjálfskipaður kennari. Lærðu heldur.

„Sálmarnir 33. 3-5. Syngið honum nýjan söng, sláið strengina fagurlega og hrópið af fögnuði því að orð Drottins er áreiðanlegt og öll hans verk eru í trúfesti gerð. Hann hefur mætur á réttlæti og rétti, jörðin er full af gæsku Drottins.“- Hvað segja menn um að bara treysta lifandi Guði fyrir trú sinni og að hann standi vörð um einnig íslensku Biblíuna. Ég alltént treysti þessu og tel mig ekki þurfa að læra einhverja Grísku til að tryggja frekar Biblíulegt öryggi mitt. Og veistu af hverju? Ég er íslendingur og Drottinn veit af þessu og segist sjálfur vaka yfir velferð minni og á Íslandi sé töluð íslenska. Hvað er málið? Vantrú, efi og vantraust.

Að treysta Guði og Orðum hans er ekki algerlega út í bláinn verk. Þannig eitt sinn háttaði til hjá mér að starfsmenn á vinnustaðnum sem ég þá starfaði hjá ákváðu að bregða sér til borgarinnar yfir minnir mig frídaga Páskahelginnar. Pöntuðu menn sér tímanlega far með áætlunarflugvélinni til Reykjavíkur. Og var ég með í þeim hópi. Daginn fyrir flugið tók að hvesa og var spáin allt annað enn áhugaverð fyrir næsta dag að obbi mannanna ákvað að fara landleiðina suður á einkabílum. Orðnir viss um að ekkert flug færi fram þá vegna veðurs. Kom þá til mín einn samstarfsmaður á þeim tíma og tjáði mér að þeir ætluðu að fara landveginn suður og bauð mér að fara með þeim, sem ég þáði ekki og sagðist ætla að fljúga næsta dag. Horfði hann þá á mig stundarkorn og sagði að ekkert yrði af neinu flugi þá, og benti á veðrið úti. En ég sat við minn keip. Kvaddi hann mig þá og hvarf inn í bílinn sem fyrir utan stóð sem þegar ók burt. Svaf ég á mínum stað um nóttina og vaknaði að morgun dags í þessu líka rjóma logni og heiðskíru veðri. Klukkan tíu um morguninn hóf nokkra sæta vélin sig til flugs og lenti á Reykjavíkurflugvelli á settum tíma. Hinir að vísu komust klakkalaust sína leið fram og til baka en voru í blindbyl og hávaða roki mest alla leiðina til Reykjavíkur, að vart sást út um bílgluggann. Minnir að þeir hafi lent utan vegar á einum stað, án nokkurra skakkafalla, hvorki á ökutæki né fólki en voru í smá veseni við að losa bílinn og koma honum aftur af stað.

Ykkur að segja að þá talaði Drottinn til mín um að panta mér far með áætlunarvélinni og gerði nokkrum dögum fyrir Páskahelgi þessa og þá komið í ljós hvar menn hugðust eyða þessari helgi að yrði í borginni en ekkert plan um að gera neitt saman þar heldur meira að hitta sitt eigið fólk. Og ég treysti Guði mínum og geri enn, en hugsaði samt margt er veðrið úti var hvað hatramast en gaf mig ekki. Guð nefnilega hafði talað. Stundum er trú okkar reynd.

Kirkjan heldur velli af þeirri ástæðu að vera fullkomið verk Guðs. Hún var stofnuð á Hvítasunnudag eftir að Jesús hafði verið krossfestur og andast á krossinum, eins og fólk sem þar lenti gerði, en öndvert við það allt reis hann til lífsins á nýjan leik eftir að hafa stigið niður til Heljar og séð hverslags eynd Hel sé. Og frá Helju steig hann upp til himins eftir að hafa dvalið með sínu fólki í fjörtíu daga og birst því upprisinn. Auðvitað var það gert til að hans fólk tryði upprisinni og léti sannfærast um að væri raunverlegt verk. Trúið þessu.

Hvað hefði gerst ef Jesús hefði ekki birst lærisveinunum eins og hann margoft gerði eftir merkilegu upprisustundina? Hve lengi ætli trúin hefði þá haldið velli? Fullyrða má stutt. Og það sem maður hefur fyrir sér þarna var allt þetta lafhrædda fólk sem sat á bak við læstar dyr og hljóp á milli dyra á hardaspani, þyrfti það að bregða sér frá og gætti sín á að dyrnar sem það fór gegnum væru örugglega læstar. Óttin lá eins og mara yfir öllu svæðinu vegna undangenginna atburða sem hátt var talað um og hvert mannsbarn á svæðinu vissu um. Þessu til staðfestingar bendum við á lærisveinanna sem ræddu svo mjög það sem gerst hafði og er Kristur slóst í för með þeim þekkti hvorugur hann vegna síns þunga þanka né heldur fá áttað sig á hver þar fari. Vegna þess að kvöld var komið og ræningjar á ferð á svæðinu á næturnar bjóða þeir honum að gista yfir nóttina á húsi sínu. En hvað ef atburðurinn hefði gerst um miðjan dag? Kristur hefði gengið sína leið. En vegna næturinnar framundan þiggur hann boð manna. Enn átta þeir sig ekki á hver maðurinn sé sem þar er staddur en eru samt á spjalli við hann. Ekki var það fyrr heldur en Krist braut brauðið, sem hann gerði með vissum hætti, að auga þeirra ljúkast upp. En þá segir Orðið að hann hafi horfið þeim sjónum. Við sjáum að engar líkur er á að trúin hefði haldið velli nema vegna þess að Jesús velur að dvelja um stund með

sínu fólki eftir að hafa verið reistur upp frá dauðum. Einnig sjáum við hvað til hafi þurft til að undangengin kennsla Jesús gangi ekki á grunn. Atburðirnir í Lofststofunni er gleggsti vitnisburðurinn og enn ein staðfesting þess að verk lifandi Guðs séu fullkominn. Munum að er Jesús gengur enn samferða mönnunum á veginum er hitt fólkið allt statt í Lofststofunni og er þar allt í fyllsta ótta.

Blessuðu mennir þetta kvöld eru aldeilis ekki að skilja, trúna, né fatta Orð Jesús sem ítrekað greinir sínum hóp frá því sem yfir hann ætti að ganga og verða Drottni til dýrðar og einnig Ríki Guðs á himnum, sem dregur alla til sín sem Kristur hefur tekið frá fyrir sig. Rétt er það að sumt fólk lætur af trúnni og stígur aftur til síns fyrri staðar. En af hvað ástæðu ætli það sé? Er ekki trúin það besta sem völ sé á? Vissulega. Eina svarið sem til er inn í slíkar spurningar er: „Hver skilur manns hjartað?“ Afstöðu hjartans getur engin maður skilið.

Samt tel ég að mörg okkar vitum svarið og að það liggi meira en flestum grunar í uppgjöfinni sem fólk verður að bráð af endalausum núningnum frá hægri og vinstri sem menn einfaldlega gefast upp á að reyna meira að spyrna á móti. Og þeir velja að fara. Alltaf auðvitað röng viðbrögð en erfitt að eiga við þetta vegna þess að maður, hver sem er, velur sjálfur hvað leið hann vilji fara. Líka hvað sína trú varðar. Við ráðum svo litlu er aðrir eiga í hlut.

Með öðrum orðum að þá lætur uppgjöf manneskjunar á sér kæla í henni með þessum verstu afleiðingum. Vonbrigði koma. Og vegna þeirra bendir Orðið á mikilvægi þess að trú manns byggist hratt upp. Trúin veit að uppgjöfin mætir og geri af ýmsum ástæðum en einnig að daglegt samfélag við Jesús hindri hana. Orðið segir að Jesús fari sjálfur á eftir þessum eina sem villtist frá og uni sér engrar hvíldar fyrr en hann endurheimtir sitt fólk til baka. Við þurfum trú.

Mörg góð og nytsamleg hugmyndin birtist sem auglýsing á Netinu sem vel gæti nýst manni en áhöld orðið um hvort skili sér til manns þó verð sem með fylgir sé greitt og allt rétt gert af hálfu kaupanda. Flest samt trúi ég skili sér en veit, eins og fleiri, að eitthvað hafi borið á að verslunin skili sér ekki til nýrra eigenda og bara hverfi eins og hókus þókus aðferð töframannsins. Þetta hefur orðið til þessa maður er að mestu hættur að eiga neitt við þetta Net að þessu leiti og er áreiðanlega ekki einn um sem þyki það miður. Íslensku Netfyrirtækin sem ég þekki eru ekki undir þessu. Og mega alveg eiga.

Þeir sem vilja vera með verslun sína líka á Netinu og nota þessa nútímalegu og sumpart þægilegu leið til að auka viðskipti sín þyrftu að skoða þetta og athuga með hvort hið selda sé að skila sér á leiðarenda eða fari í einhverja aðra átt, sem engin veit hver sé. Verði þetta ekki lagað mun með tímanum draga úr þessum Netviðskiptum og þau mögulega að endingu hætta. Sem varla getur verið markmiðið né heldur þarf neitt að gerast. Nú erum við að tala um verslun í útlandinu góða.

Samt eru til örugg fyrirtæki sem óhætt er að benda fólki á og er ein af þessum traustu vefverslunum, segi ég, LightInTheBox.com sem ég hef nokkrum sinnum verslað við og allt skilað sér til mín en sá hængur á að þeir gefa sér nokkuð ríflegan tíma til að afhenta vöruna. Tvo þrjá mánuði jafnvel. En hún kemur og innihaldið með sem pantað var.

Samt er ekki allt fullkomið úr þeirri átt því vandinn hefur verið, hvað mig alltént varðar, að föt þau sem LightInTheBox.com framleiðir, og eða selur, eru ekki fyrir menn yfir einn og sjötíu á hæð og þau sem maður hefur fengið send til sín, eftir vikur, gætu gengið á fermingardreng en ekki fullorðna, feita og ófulla íslendinga þó exxin séu fimm og sex og þaðan af fleiri og ættu að segja til um stærðina og myndu gera væri miðað við íslenska exxa mælieiningu á fatnaði en passa bara engan veginn. 5 X í flestum tilvikum er passlegt á mig en ekki sé keypt hjá þessu ágæta Netverslunarfyrirtæki. Hvar í heiminum þessi prýðis netverslun er staðsett veit ég ekki en nokkuð ljóst að sentimetrinn þar er ekki sá sami og við uppi á Íslandi notumst við og að sjá talsvert styttri en okkar. Fötin þó sem þeir bjóða er vönduð vara. Það má fullyrða sem og hitt að fólk fær þá vöru sem pöntuð var, en þarf biðlund til.

LightInTheBox.com selur allskonar varning og meira en bara fatnað af ýmsum gerðum.

Kannski að maður sendi þeim íslenskan tommustokk og fylgist með hvort maður á eftir geti framvegis keypt af þeim passleg föt á sig sjálfan.

Merkilegt að skoða út frá Biblíunni og fá að sjá gegnum fræðslu Orðsins á hvaða Biblíutíma við lifum:

„2 Tímóteusarbréf. 1- 5.

Fyrir augliti Guðs og Krists Jesú, sem dæma mun lifendur og dauða, heiti ég á þig með endurkomu hans og ríki fyrir augum: Prédika þú orðið, gef þig að því í tíma og ótíma. Vanda um, ávíta og uppörva með stöðugri þolinmæði og fræðslu. Því að þann tíma mun að bera er menn þola ekki hina heilnæmu kenningu heldur hópa að sér kennurum eftir eigin fýsnum sínum til þess að heyra það sem kitlar eyrun. Þeir munu snúa eyrum sínum burt frá sannleikanum og hverfa að kynjasögum. En ver þú algáður í öllu, þol illt, ger verk fagnaðarboða, fullna þjónustu þína.“-

Páll byrjar á að segja við mig að ég skuli predika Orðið, lifa Orðið og hugleiða Orðið öllum stundum. Hvað merkja Orðin „Í tíma ótíma“- annað en þetta?

Páll leggur alla áherslu á Orð Guðs og segir um að það muni verja mig fyrir allskonar ytra áreiti sem uppi er og ég gæti látið lokkast af og hörfað burt frá sannleika Guðs. Hann bendir þessu til staðfestingar á að fólk, ekki veikbyggðara fólk heldur en ég er, hafi leiðst afvega af þá fyrst og fremst eigin vali. Og úr því að það gat farið með sjálfst sig þangað, að hví þá ekki ég? Ég er ekki öflugri þessu fólk. Kennsla Orðsins miðar mikið við að menn, ég, meti sjálfa sig ekki ranglega er kemur að eigin styrk heldur rétt. Orðið er mælikvarðinn. Við höfum vítin til að varast og getum séð þau allt í kring og birtist í fólk líku mér og þér, sem allt gat valið betri kost og Guðlegri en það kannski gerði. Þetta eru vítin sem verið er að benda á og Guð leggur áherslu á.

Hann segir að ég skuli vanda um, ávíta með stöðugri þolinmæði og fræðslu. Fræðslu í hverju? Í fyrst og fremst Orði Guðs og bendir í næstu línu á hvers vegna. Þar bendir Páll á fráfall sem muni verða hjá Guðs fólki sem einhverra hluta vegna vill frekar taka aðra kennslu inn en beinharða kennslu í Orði Guðs. Og hann segir meira og talar beinlínis um að fólk muni ekki þola Orð Guðs töluð í sín eyru. Af ástæðu sem er nokkuð augljós. Henni að í augum þessa fólks er Orðið, þetta Orð, að höggva endalaust í það og folkið því orðið smá þreytt á Orðinu og vill leita út fyrir kennslu Orðsins sjálfs. Og þá til manna sem eru með kennsluna svolítið léttari, finlegri og penni og um leið þægilegri eyrunum en beint Guðs Orðið er því. Að svo fór skeði hægt og bitandi en ekki með einum vettvangi. Sumt er lúmskt. Og hvað eru sögur sem kitla eyrun og Orðið segir um að kristið fólk muni hópast utan um annað en lúmskt bragð til fá hina kristnu burt frá Orði Guðs? „Þessu ómögulega Orði.“- Af hverju hvarf ég til sagna sem kitla eyrun og kynjasagna nema af því að vera orðin smá þreyttur á „Þessu þarna Orði Guðs?“- Hvernig getur það skeð að ég, fylltur Heilögum Anda, þreytist á göngunni með Guði og einkum og sérilagi Orði Guðs? Af mörgum ástæðum skeður það. Eitt er að við, ég, er ekki alltaf sérlega góður við fólk og á í mesta basli við að taka háttaskipti hugarfarsins. Takist mér ekki að beisla hugann undir vilja Guðs eykst möguleikinn á að ég gæli um of við syndina og forherðist af henni í hjarta. Þetta eru tímarnir sem nú eru uppi og allir geta séð sem vita skil á Orði Guðs að sé.

„Postulasagagn. 24. 24- 27. Nokkrum dögum seinna kom Felix með eiginkonu sinni, Drúsillu. Hún var Gyðingur. Hann lét sækja Pál og hlýddi á mál hans um trúna á Krist Jesú. En er hann ræddi um réttlæti, sjálfsögun og komandi dóm varð Felix skelkaður og mælti: „Far burt að sinni. Ég læt kalla þig þegar ég fæ tóm til. Með fram gerði hann sér von um að Páll mundi gefa sér fé. Því var það að hann lét alloft sækja hann og átti tal við hann.

Þegar tvö ár voru liðin tók Porkíus Festus við landstjórn af Felix. Felix vildi koma sér vel við Gyðinga og lét því Pál eftir í haldi.“- Þegar maður les svona lesningu spyr maður sig sjálfan hvort von sé til mikils réttlætis í samfélögum þar sem menn á borð við Felix ráða för? Mann sem að sjá eru tvöfaldur í roðinu og eiginhagmunaseggir fram í fingurgóma, eins og sést í fari þessa Felix og tvo atvik hans í raun staðfesta óheilindi mannsins og birtast í orðum hans um að Felix hafi oft látið kalla Pál fram fyrir sig í þeirri von að hann bæri á hann fé, og einnig í því að hann ákveður að hafa Pál áfram í varðhaldi, fangelsi, það er varðhald, vegna þess að hann vildi koma sér vel við Gyðinga. Hvar er réttlætið og hvaða valdsmaður með snefil af sómatilfinningu og eða réttlætiskennd leyfir sér að hneppa manneskju í varðhald bara til að koma sér vel við einhvern anna hóp fólks eða kallar fram í þeirri von um að hann fá frá honum pening. Er ekki manneskja mikilvæg og eiga ekki allir að njóta sannmælis hvort sem er frá öðru fólki og eða yfirvöldum ríkja? Vitum við ekki rétta svarið? Auðvitað. Felix hafði stöðu yfirvalds með völd þau í hendi sem yfirvaldi er fengið í hendur og gat gert vel við þegna sína af auðævum þeim sem ríki hans bjó yfir og hann að sínu leiti, sem þá þessu valdsmaður, gat nýtt í þágu þjóðar sinnar til þá góðs og hvort sem þjóðin væri fámenn eða fjölmenn. Reyndar kemur ekki fram staða almennings á valdatíð Felix en vel fram að þessi tiltekni valdsmaður

væri ekki neitt mótfallinn mútunni. Mútan hvar sem henni er beitt er skaðræði. Hún hallar rétti og skekkir innviði ríkja sem öndvert kemur harðast niður á þjóðinni sjálfri. Réttarríki, sem jafnframt er mútupægt, missir með mútunni gildi sitt sem þá þetta réttarríki og allskonar dómur koma fram sem engin fótur er fyrir. Svona gerir mútan og er þarna sem hún birtist í öllu sínu veldi og kemur fram af allri sinni hörku. Mútan er þekktur vandi og hefur allstaðar sem henni hefur verið beitt gert ríki vanmáttug og að vondum ríkjum. Ríkjum heims er ætlað hlutverkið að vera máttug ríki. Í þetta heggur mútan. Við sjáum að mútupægur valdsmaður er meira skaðræði en líklega flest annað í löndum heims. Hér gætum við séð gildi og mikilvægi sannleikans. Hann einn gerir alvöru og ekta réttlæti. En líklega núna viljum við breyta okkur í Pontíus Pílatus sem spurði Krist: „Hvað er sannleikur?“-

Hið rétta er að Páll nýtur hvorki sannmælis frá þjóð sinni né sanngirni valdsmannsins Felix sem þó kallar hann oft fram fyrir sig og leyfir Páli að tala um Jesús en gerði sér jafnframt vonir um að hann gæfi sér pening. Í orðum Felix glittir á mútupægni. Mútan er spilling og gerir mútupæg ríki ófær um að leiða né landið að gefa af sér allt það sem væri þjóðinni til mestra heilla og líklega ástæðan fyrir að þar ríki fátækt þó staðan landsgæðanna vegna gæti hæglega birt aðra mynd og blessaðri hinni.

Þanki Felix er enn virkt afl eins og við höfum fengið að sjá í sumum ríkjum samtímans þar sem menn kaupa sig fram fyrir röð og rétta viðeigandi valdsmanni mútu vegna þess að vera óheiðarlegur valdsmaður, eins og Felix. Hugsun hans finnst víða. Og ætli ekki líka á Íslandi. Sem andstæðu alls þessa má draga fram Guðs Ríkið, sem byggir á sannleikanum og alla velmegun sína í honum. Guðs Ríkið er raunverulegt og Jesús grunnstoðin. Amen.

Gera menn sér grein fyrir mikilvægi þess að eiga til trú og að trúin flytji til fjöll og ryðji um koll fyrirstöðum sem vilja hindra oss í að ná settu marki? Veit ekki vegna þess að vita ekki daglegan þanka annarra manna og kvenna. Eina sem ég veit er minn eigin þanki í erli daganna. Með öðrum orðum! Erfitt er að svara svona spurningu nema fyrir sjálfan sig. Þanki fólks er öðrum lokuð bók en breytir ekki staðreyndinni um hversu trúin sé nauðsýnleg. Trú er meira. Hún er lykilatriði. Og annað! Trúin er mannum gefin af Guði sem sjálfur sér um að viðhalda henni í hjarta einstaklings. Guð gefur okkur og varðbergið í trúnni. Fyrst og fremst gagnvart okkur sjálfum. Trú mín er fóður fyrir varðbergið og skjaldborgin utan um hana.

Þó maður tali svona er ekki um leið verið að segja að þetta snúist allt „um mig, frá mér og til mín.“- Slík hugsun er af öðrum meiði og tengd sjálfinu og því algerlega andstæð hugsun á við hina sem skilur orðið trú og birtingarmynd trúar, hið góða, fagra og fullkomna. Öllu notalegra viðmót sem þá mætir okkur en hitt sem þiggur næringu frá mér til mín. Mikilvægt er að skilja hvað felist í orðinu trú eins og Orð Guðs hugsar það. Hugsar! Kannski einkennilegt orðalag en ekki trúnni sem trúir að Guð lifi og trúin grundvallaratriðið og byrjunareitur alls sem er Guðs. Trú. Hugfestum hana. Ekki Ofurtrú. Gefum henni fingurinn. Enda annað orð yfir hroka.

Að trúa eins og hér er sett fram er ekki sama hugsun og trúgjarn. Trúgjarn er öllu vafasamari. Trúgjarnan má sannfæra. Trúgjarn hleypur með margt hvort sem er lygi eða satt. Trúgjarn er ekki sama og trú. Segir enda Orðið að engin komi fram fyrir Guð nema fyrst að trúa að hann sé til. Trúgjarn gæti hlaupið með þetta en líka söguna um Marbendil sem einhver sagðist hafa séð stíga uppúr sjónum rétt í þessu. Sagan um Marbendill er ein þjóðsaga íslendinga. Ekki

sönn.

Trú stendur ein og sér. Manneskja sem skilur orðið trú blandar engu út í það. Trúuð manneskja er ekki líka þessi trúgjarna manneskja. Trúin er ekki þar en fylgir manneskju með báðar fætur á jörðinni. Trúin dró hana burt af stað trúgirninn. Trú segir sannleikan, birtir Guð eins og hann er og hvað þurfi til að fatta Guð, skilja Guð og átta sig á honum. Ég trúir er ég geng á fund hans. Efast ekki. Er slíkt hægt? Ég geri það. Já, þetta er hægt.

Trúgjörn manneskja er ekki þarna en gæti vel gert. Einvörðungu samt gegnum kennslu sannleikans og sannrar trúar í hjartanu. Við getum engu blandað saman við orðið trú eins og Biblían setur orðið fram. Hún tengir orðið trú við Guð og Jesús og hvetur til skilnings þar. Orðið trú mun sjálf skilja sig frá, álpumst við til að skilgreina það öðruvísi og blanda með öðru, líkt og skeð hefur. Til að mynda trúarbragðafræðin. Um hvað snýst hún? Veit ekki en þó að vera ekki kennsla um að Guð sé einn og vera því röng kennsla. Komið er nóg af slíkri.

Sjálfur trúir er ég að Guð sé einn og hafi skapað himnanna með Orði sínu. Þetta megnar trúin að gera. Hef ekki annað. Skilningur minn nær ekki slíkri hugsun en ég á til trú á lifandi Guð. Trúir og einnig uppsker. Skoðum ritningarvers:

2Pétursbréf 3. 10-12. En dagur Drottins mun koma sem þjófur og þá munu himnarnir líða undir lok með miklum gný, frumefnin sundurleysast í brennandi hita og jörðin og þau verk, sem á henni eru, upp brenna. Þar eð allt þetta ferst, þannig ber ykkur að lifa heilögu og guðrækilegu lífi og bíða eftir degi Guðs og flýta fyrir að hann komi. Þá munu himnarnir leysast sundur í eldi og frumefnin bráðna af brennandi hita.“- Loftlagsumræða dagsins byggir sem sjá má ekki á Orði Guðs heldur sjálfri trúgirninni sem hefur afskrifar Guð. Munur er á.